

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2005/44/EB

2008/EES/44/11

frá 7. september 2005

um samræmda upplýsingaþjónustu um ár (RIS) á skipgengum vatnaleiðum í Bandalaginu (*)

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 71. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ⁽¹⁾,

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ⁽²⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Nýting upplýsinga- og fjarskiptatækni á skipgengum vatnaleiðum stuðlar að því að auka til muna öryggi og skilvirkni flutninga á skipgengum vatnaleiðum.
- 2) Í sumum aðildarríkjum eru nú þegar nýttar innlendar aðferðir við upplýsingaþjónustu á mismunandi vatnaleiðum. Til að tryggja samræmd, rekstrarsamhæfð og opin siglingatæki og upplýsingakerfi siglinga á skipgengum vatnaleiðum í Bandalaginu skal innleiða sameiginlegar kröfur og tækniforskriftir.
- 3) Af öryggisástæðum og til að tryggja samhæfingu á evrópskum vettvangi skal efni slíkra sameiginlegra krafna og tækniforskrifta byggjast á starfi á þessu sviði sem viðeigandi alþjóðastofnanir inna af hendi, t.d. Alþjóðasamtök á sviði hafnamála (PIANC), Miðnefnd um siglingar á Rínarfljóti (CCNR) og Efnahagsnefnd Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu (UNECE).
- 4) Upplýsingaþjónusta um ár (RIS) skal byggjast á rekstrarsamhæfðum kerfum sem grundvallast á opnum og opinberum stöðlum sem allir kerfisbirgjar og notendur hafa aðgang að án mismununar.
- 5) Ekki er lögboðið að fylgja þessum kröfum og tækniforskriftum á innlendum skipgengum vatnaleiðum sem ekki tengjast skipgengu leiðaneti annars aðildarríkis. Þó er mælt með því að upplýsingaþjónusta um ár, eins og hún er skilgreind í þessari tilskipun, komi til framkvæmda á þessum skipgengum vatnaleiðum og að kerfin, sem fyrir eru, verði rekstrarsamhæfð við hana.

6) Markmiðið með þróun upplýsingaþjónustu um ár skal vera að stuðla að öruggum, skilvirkum og umhverfsvænum siglingum á skipgengum vatnaleiðum, sem er uppfyllt með verkefnum eins og umferðar- og flutningastjórnun, umhverfis- og grunnvirkjavernd og framfylgd sérstakra reglna.

7) Kröfur varðandi upplýsingaþjónustu um ár skulu a.m.k. taka til upplýsingaþjónustu sem aðildarríkjunum ber að veita.

8) Tækniforskriftir, sem eru innleiddar, skulu ná til kerfa eins og rafrænna sjökorta, rafrænna tilkynninga skipa, þ.m.t. samræmt, evrópskt númerakerfi skipa, tilkynningar til skipstjóra og rakning ferils og slóðar skips. Nefnd skal tryggja tæknilegt samhæfi búnaðar sem er nauðsynlegur til notkunar fyrir upplýsingaþjónustu um ár.

9) Það skal vera á ábyrgð aðildarríkjanna, í samstarfi við Bandalagið, að hvetja notendur til að fara að kröfum um verklagsreglur og búnað, að teknu tilliti til þess að það eru lítil og meðalstór fyrirtæki sem stunda siglingar á skipgengum vatnaleiðum.

10) Innleiðing upplýsingaþjónustu um ár mun hafa í för með sér vinnslu persónuupplýsinga. Slík vinnsla skal fara fram í samræmi við reglur Bandalagsins, eins og þær eru m.a. settar fram í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga ⁽³⁾ og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/58/EB frá 12. júlí 2002 um vinnslu persónuupplýsinga og um verndun einkalífs á sviði rafrænna fjarskipta ⁽⁴⁾. Innleiðing upplýsingaþjónustu um ár skal ekki hafa í för með sér eftirlitslausa vinnslu fjárhagslegra viðkvæmra gagna sem tengjast markaðsaðilum.

11) Að því er varðar upplýsingaþjónustu um ár, þar sem krafist er nákvæmrar staðsetningar, skal mælt með notkun staðsetningartækni um gervihnött. Þessi tækni skal, eftir því sem kostur er, vera rekstrarsamhæfð við önnur viðeigandi kerfi og skal samþætt þeim, í samræmi við gildandi ákvarðanir á þessu sviði.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 255, 30.9.2005, bls. 152. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 11/2006 frá 27. janúar 2006 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 17, 30.3.2006, bls. 12.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB C 157, 28.6.2005, bls. 56.

⁽²⁾ Álit Evrópuþingsins frá 23. febrúar 2005 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB). Ákvörðun ráðsins frá 27. júní 2005.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31. Tilskipuninni var breytt með reglugerð (EB) nr. 1882/2003 (Stjtið. ESB L 284, 31.10.2003, bls. 1).

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 201, 31.7.2002, bls. 37.

12) Þar sem aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiði þessarar tilskipunar, nánar tiltekið sett á stofn samhæfða upplýsingaþjónustu um ár í Bandalaginu, og auðveldara er að ná markmiðinu á vettvangi Bandalagsins vegna þess hve áætlunin er umfangsmikil, er Bandalaginu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna eins og fram kemur í 5. gr. sáttmálsans. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og fram kemur í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná megi því markmiði.

13) Samþykktja skal nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari tilskipun í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið ⁽¹⁾.

14) Í samræmi við 34. gr. samstarfssamnings um betri lagasetningu ⁽²⁾ eru aðildarríkin hvött til þess, bæði í eigin þágu og í þágu Bandalagsins, að semja og birta sín eigin yfirlit sem, eftir því sem kostur er, sýna samsvörum milli þessarar tilskipunar og lögleiðingarráðstafana þeirra,

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Viðfangsefni

1. Í þessari tilskipun er settur rammi um nýtingu og not af samræmdri upplýsingaþjónustu um ár (RIS) í Bandalaginu til að styrkja flutninga á skipgengum vatnaleiðum með það í huga að auka öryggi, skilvirkni og umhverfsvænleika og til að auðvelda tengsl við annan flutningsmáta.

2. Þessi tilskipun setur ramma um að innleiða og þróa frekar tækniröfur, forskriftir og skilyrði til að tryggja samræmda, rekstrarsamhæfða og opna upplýsingaþjónustu um ár á skipgengum vatnaleiðum í Bandalaginu. Framkvæmdastjórnin skal, með aðstoð nefndarinnar sem um getur í 11. gr., sjá um að innleiða og þróa frekar tækniröfur, forskriftir og skilyrði. Í þessu samhengi skal framkvæmdastjórnin taka tilhlýðilegt tillit til ráðstafana sem alþjóðastofnanir hafa þróað, s.s. Alþjóðasamtök á sviði hafnamála (PIANC), Miðnefnd um siglingar á Rínarfljóti (CCNR) og Efnahagsnefnd Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu (UNECE). Tryggja skal samfelldni við annars konar umferðarstjórnunaraþjónustu, einkum við umferðarstjórnun og upplýsingaþjónustu skipa á sjó.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 321, 31.12.2003, bls. 1.

2. gr.

Gildissvið

1. Þessi tilskipun gildir um framkvæmd og rekstur upplýsingaþjónustu um ár á öllum skipgengum vatnaleiðum aðildarríkjanna í IV. flokki og hærri flokki sem eru tengdar, með vatnaleið í IV. flokki eða hærri flokki, við vatnaleið í IV. flokki eða hærri flokki hjá öðru aðildarríki, þ.m.t. hafnir við slíkar vatnaleiðir eins og um getur í ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1346/2001/EB frá 22. maí 2001 um breytingu á ákvörðun nr. 1692/96/EB að því er varðar hafnir við sjó, hafnir við vötn og stöðvar fyrir samtengda flutninga svo og framkvæmdaverkefni nr. 8 í III. viðauka ⁽¹⁾. Í þessari tilskipun gildir flokkun skipgengra vatnaleiða í Evrópu eins og hún er sett fram í ályktun Efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 30 frá 12. nóvember 1992.

2. Aðildarríkjum er heimilt að beita þessari tilskipun á skipgengar vatnaleiðir og hafnir við vötn sem ekki er getið um í 1. mgr.

3. gr.

Skilgreiningar

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „upplýsingaþjónusta um ár (RIS)“: samræmd upplýsingaþjónusta til að styðja við umferðar- og flutningastjórnun í siglingum á skipgengum vatnaleiðum, þ.m.t., að því marki sem það er tæknilega mögulegt, tengsl við annan flutningsmáta. Upplýsingaþjónusta um ár tekur ekki til innri viðskiptastarfsemi milli eins eða fleiri hlutaðeigandi fyrirtækja en hún er opin fyrir tengslum við viðskiptastarfsemi. Upplýsingaþjónusta um ár nær yfir þjónustu s.s. upplýsingar um merktar siglingaleiðir, upplýsingar um umferð, umferðarstjórnun, stuðning við áfallavarnir, upplýsingar fyrir stjórnendur flutninga, tölfraðiupplýsinga- og tollþjónustu svo og vatnaleiðagjöld og hafnargjöld,

b) „upplýsingar um merkta siglingaleið“: landfræðilegar, vatnafræðilegar og stjórnsýslulegar upplýsingar um tiltekna vatnaleið (merkta siglingaleið). Upplýsingar um merktar siglingaleiðir eru einhliða upplýsingar:

frá landi til skips eða frá landi til skrifstofu,

c) „upplýsingar um umferðarúrlausnir“: upplýsingar sem hafa áhrif á skjótar siglingafræðilegar ákvarðanir við raunverulegar umferðaraðstæður og nærliggjandi, landfræðilegt umhverfi,

d) „stefnumótandi upplýsingar um umferð“: upplýsingar sem hafa áhrif á ákvarðanir notenda upplýsingaþjónustu um ár þegar til meðallangs eða langs tíma er litið,

e) „kerfi fyrir upplýsingaþjónustu um ár“: veiting upplýsingaþjónustu með hjálp þar til gerðra kerfa,

f) „miðstöð upplýsingaþjónustu um ár“: staður þar sem starfsfólk annast þjónustuna,

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 185, 6.7.2001, bls. 1.

- g) „notendur upplýsingaþjónustu um ár“: allir mismunandi notendahópar þ.m.t. bátsformenn, starfsfólk upplýsingaþjónustu um ár, stjórnendur flóðgátta og/eða brúa, yfirvöld vatnaleiða, rekstraraðilar hafna og endastöðva, starfsfólk í áfallamiðstöðvum neyðarþjónustu, flotastjórnendur, farmflytjendur og -miðlarar,
- h) „rekstrarsamhæfi“: þjónusta, gagnainnihald, snið gagnaskipta og tíðni eru samræmd á þann hátt að notendur upplýsingaþjónustu um ár hafi aðgang að sömu þjónustu og upplýsingum á evrópskum vettvangi.

4. gr.

Stofnun upplýsingaþjónustu um ár

1. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að koma á fót upplýsingaþjónustu um ár á skipgengum vatnaleiðum sem falla undir gildissvið 2. gr.

2. Aðildarríkin skulu þróa upplýsingaþjónustu um ár með þeim hætti að kerfi hennar sé skilvirkt, unnt sé að stækka það og samhæfa þannig að það geti tengst öðrum kerfum fyrir upplýsingaþjónustu um ár og, ef mögulegt er, kerfum fyrir annan flutningsmáta. Einnig skal vera unnt að tengja kerfið við stjórnkerfi á sviði samgangna og viðskiptastarfsemi.

3. Til þess að stofna upplýsingaþjónustu um ár skulu aðildarríkin:

- a) veita notendum upplýsingaþjónustu um ár öll viðeigandi gögn sem varða siglinga- og sjóferðaáætlanir á skipgengum vatnaleiðum. Þessi gögn skulu a.m.k. afhent á aðgengilegu, rafrænu sniði,
- b) tryggja að rafræn sjókort, sem henta til siglingafræðilegra nota, fyrir allar skipgengar vatnaleiðir í flokki Va og hærri flokki í samræmi við flokkun skipgengra vatnaleiða í Evrópu og til viðbótar við gögnin sem um getur í a-lið, séu aðgengileg fyrir notendur upplýsingaþjónustu um ár,
- c) gera lögbærum yfirvöldum kleift að taka á móti rafrænum tilkynningum frá skipum að því er varðar gögn sem krafist er frá þeim, svo fremi sem krafist er tilkynninga frá skipum samkvæmt innlendum eða alþjóðlegum reglum. Þegar um er að ræða flutninga yfir landamæri skal senda lögbærum yfirvöldum aðliggjandi ríkis þessar upplýsingar og sendingu allra slíka upplýsinga skal vera lokið áður en skipin koma að landamærunum.
- d) tryggja að tilkynningar til skipstjóra, þ.m.t. vatnshæð (eða hámark leyfilegrar djúpristu) og skýrslur um ís á skipgengum vatnaleiðum séu sendar sem stöðluð og kóðuð

skilaboð sem unnt er að hala niður. Í stöðluðu skilaboðunum skulu a.m.k. koma fram þær upplýsingar sem eru nauðsynlegar til öruggar siglingar. Tilkynningar til skipstjóra skulu a.m.k. afhentar á aðgengilegu, rafrænu sniði.

Skuldbindingarnar, sem um getur í þessari málsgrein, skulu uppfylltar í samræmi við forskriftirnar sem eru skilgreindar í I. og II. viðauka.

4. Lögbær yfirvöld aðildarríkjanna skulu koma á fót miðstöðvum fyrir upplýsingaþjónustu um ár í samræmi við svæðisbundnar þarfir.

5. Þegar notuð eru sjálfvirk auðkenniskerfi (AIS) skal svæðisbundið fyrirkomulag gilda, að því er varðar þráðlausa fjarskiptaþjónustu á skipgengum vatnaleiðum sem samþykkt var í Basel þann 6. apríl 2000 innan ramma fjarskiptareglna Alþjóðafjarskiptasambandsins (ITU).

6. Aðildarríkin skulu, í samvinnu við Bandalagið, ef við á, hvetja bátsformenn, rekstraraðila, umboðsaðila eða eigendur skipa, sem sigla á skipgengum vatnaleiðum þeirra, og farmsendendur eða eigendur vara, sem eru um borð í slíkum skipum, til að nýta sér að öllu leyti þá þjónustu sem látin er í té samkvæmt þessari tilskipun.

7. Framkvæmdastjórnin skal gera viðeigandi ráðstafanir til að sannprófa rekstrarsamhæfi, áreiðanleika og öryggi upplýsingaþjónustu um ár.

5. gr.

Tæknilegar viðmiðunarreglur og forskriftir

1. Til að styðja við upplýsingaþjónustu um ár og til að tryggja rekstrarsamhæfi þessarar þjónustu, eins og krafist er í 2. mgr. 4. gr., skal framkvæmdastjórnin skilgreina, í samræmi við 2. mgr., tæknilegar viðmiðunarreglur um skipulagningu, framkvæmd og rekstrarlega notkun þjónustunnar (viðmiðunarreglur upplýsingaþjónustu um ár) ásamt tækniforskriftum, einkum á eftirtöldum sviðum:

- a) rafræn sjó korta- og upplýsingakerfi fyrir siglingar á skipgengum vatnaleiðum (ECDIS-kerfi fyrir skipgengar vatnaleiðir),
- b) rafrænar tilkynningar skipa,
- c) tilkynningar til skipstjóra,
- d) kerfi til að rekja feril og slóð skipa,
- e) samhæfi búnaðar sem er nauðsynlegur til notkunar fyrir upplýsingaþjónustu um ár.

Þessar viðmiðunarreglur og forskriftir skulu byggjast á tæknilegu grundvallarreglunum í II. viðauka og skulu taka mið af starfi sem viðeigandi alþjóðastofnanir hafa innt af hendi á þessu sviði.

2. Framkvæmdastjórnin skal semja tæknilegu viðmiðunarreglurnar og forskriftirnar, sem um getur í 1. mgr. og breyta þeim, eftir því sem við á, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 11. gr. Þetta skal fara fram í samræmi við eftirfarandi tímaáætlun:

- a) viðmiðunarreglur fyrir upplýsingaþjónustu um ár, eigi síðar en 20. júlí 2006,
- b) tækniforskriftir varðandi ECDIS-kerfi fyrir skipgengar vatnaleiðir, rafrænar tilkynningar skipa og tilkynningar til skipstjóra, eigi síðar en 20. október 2006,
- c) tækniforskriftir varðandi kerfi til að rekja feril og slóð skipa, eigi síðar en 20. janúar 2007.

3. Viðmiðunarreglur og forskriftir fyrir upplýsingaþjónustu um ár skal birta í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

6. gr.

Staðsetning um gervihnött

Að því er varðar upplýsingaþjónustu um ár, þar sem staðsetning þarf að vera nákvæm, er mælt með notkun staðsetningartækni um gervihnött.

7. gr.

Gerðarsamþykki fyrir búnað fyrir upplýsingaþjónustu um ár

1. Ef þörf krefur vegna öryggis í siglingum og þess er krafist sökum viðeigandi tækniforskrifta, skal enda- og netbúnaður ásamt hugbúnaði fyrir upplýsingaþjónustu um ár vera gerðarsamþykktur í samræmi við þessar forskriftir áður en hann er tekinn í notkun á skipgengum vatnaleiðum.

2. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þá innlendu aðila sem bera ábyrgð á gerðarsamþykki. Framkvæmdastjórnin skal senda hinum aðildarríkjunum þessar upplýsingar.

3. Öll aðildarríkin skulu viðurkenna gerðarsamþykki sem innlendir aðilar í hinum aðildarríkjunum gefa út, eins og um getur í 2. mgr.

8. gr.

Lögbær yfirvöld

Aðildarríkin skulu tilnefna lögbær yfirvöld sem eiga að stjórna kerfum fyrir upplýsingaþjónustu um ár og alþjóðlegum gagnaskiptum. Tilkynna skal framkvæmdastjórninni um þessi yfirvöld.

9. gr.

Reglur um friðhelgi, öryggi og endurnotkun upplýsinga

1. Aðildarríkin skulu tryggja að vinnsla persónuupplýsinga, sem eru nauðsynlegar vegna starfsemi upplýsingaþjónustu um ár, fari fram í samræmi við reglur Bandalagsins um verndun frelsis og grundvallarréttinda einstaklinga, þ.m.t. tilskipanir 95/46/EB og 2002/58/EB.

2. Aðildarríkin skulu framkvæma og viðhafa öryggisráðstafanir til að vernda skilaboð og skrár upplýsingaþjónustu um ár gegn óæskilegum atburðum eða misnotkun, þ.m.t. óviðeigandi aðgangur, breytingar eða þær glattist.

3. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2003/98/EB frá 17. nóvember 2003 um endurnotkun upplýsinga frá hinu opinbera ⁽¹⁾ gildir.

10. gr.

Málsmeðferð vegna breytinga

Heimilt er að breyta I. og II. viðauka, í ljósi fenginnar reynslu af því að beita ákvæðum þessarar tilskipunar, og laga þá að tækniframförum í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 11. gr.

11. gr.

Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndarinnar sem komið var á fót skv. 7. gr. tilskipunar ráðsins 91/672/EBE frá 16. desember 1991 um gagnkvæma viðurkenningu á innlendum skipstjórnarskírteinum fyrir flutning á vörum og farþegum á skipgengum vatnaleiðum ⁽²⁾.

2. Þar sem vísað er til þessarar málsgreinar skulu ákvæði 3. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB gilda, með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

3. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

4. Fresturinn, sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera þrjú mánuðir.

5. Framkvæmdastjórnin skal ráðfæra sig reglulega við fulltrúa geirans.

12. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríki, þar sem eru skipgengar vatnaleiðir sem falla undir gildissvið 2. gr., skulu samþykka nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 20. október 2007. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 345, 31.12.2003, bls. 90.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 373, 31.12.1991, bls. 29. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1882/2003.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvisun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvisun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvisun.

2. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að uppfylla kröfurnar, sem settar eru fram í 4. gr., eigi síðar en 30 mánuðum eftir gildistöku viðkomandi tæknilegra viðmiðunarreglna og forskrifta sem um getur í 5. gr.

3. Framkvæmdastjórninni er heimilt, að beiðni aðildarríkis, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 11. gr., að framlengja tímabilið, sem kveðið er á um í 2. mgr., til að framfylgja einni eða fleiri kröfum 4. gr. varðandi skipengar vatnaleiðir sem falla undir gildissvið 2. gr. en þar sem umferðarþungi er lítill, eða varðandi skipengar vatnaleiðir þar sem kostnaður við slíka framkvæmd yrði í engu samræmi við ávinninginn sem af henni hlytist. Framkvæmdastjórninni er heimilt að framlengja þetta tímabil með einfaldri ákvörðun. Heimilt er að endurnýja framlenginguna. Í rökum, sem eiga að fylgja beiðni aðildarríkis, skal vísa til mikils umferðarþunga og efnahagslegra skilyrða á þeirri vatnaleið sem um ræðir. Þar til framkvæmdastjórnin tekur ákvörðun er aðildarríkinu, sem hefur farið fram á framlengingu, heimilt að halda starfsemi sinni áfram eins og framlengingin hafi þegar verið veitt.

4. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni texta helstu ákvæða úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

5. Aðildarríkin skulu, ef nauðsyn krefur, aðstoða hvert annað við framkvæmd þessarar tilskipunar.

6. Framkvæmdastjórnin skal hafa eftirlit með stofnun upplýsingaþjónustu um ár og senda Evrópuþinginu og ráðinu skýrslu, eigi síðar en 20. október 2008.

13. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

14. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkja þar sem eru skipengar vatnaleiðir er falla undir gildissvið 2. gr.

Gjört í Strassborg 7. september 2005.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

J. BORRELL FONTELLES

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

C. CLARKE

forseti.

*I. VIÐAUKI***LÁGMARKSKRÖFUR UM GÖGN**

Eins og um getur í a-lið 3. mgr. 4. gr. skal einkum láta í té gögn um eftirfarandi:

- öxul vatnaleiða gefinn upp í kílómetrum,
- takmarkanir fyrir skip eða skipalestir með tilliti til lengdar, breiddar, djúpristu og hæðar hæsta punkts skips yfir vatnsborði
- starfrækslutíma mannvirkja sem hindra siglingu, einkum skipastigar og brýr,
- staðsetningu hafna og umskipunarstaða,
- viðmiðunargögn fyrir vatnshæðarmælitæki sem skipta máli fyrir siglingu.

—

II. VIÐAUKI

**GRUNDVALLARATRIÐI VARÐANDI VIÐMIÐUNARREGLUR OG TÆKNIFORSKRIFTIR FYRIR
UPPLÝSINGAÞJÓNUSTU UM ÁR****1. Viðmiðunarreglur um upplýsingaþjónustu um ár**

Í viðmiðunarreglum um upplýsingaþjónustu um ár, sem um getur í 5. gr., skal virða eftirfarandi grundvallaratriði:

- a) upplýsingar um tæknilegar kröfur um skipulagningu, framkvæmd og rekstrarlega notkun þjónustu og tengdra kerfa,
- b) uppbyggingu og skipulag upplýsingaþjónustu um ár, og
- c) tilmæli til skipa varðandi þátttöku í upplýsingaþjónustu um ár, varðandi sérþjónustu og varðandi þróun upplýsingaþjónustu um ár í áföngum.

2. ECDIS-kerfi fyrir skipengar vatnaleiðir

Í tækniforskriftum, sem skulu fastsettar fyrir rafræn sjókorta- og upplýsingakerfi (ECDIS-kerfi fyrir skipengar vatnaleiðir) í samræmi við 5. gr., skal virða eftirfarandi grundvallaratriði:

- a) samhæfi við ECDIS-kerfi til siglinga á sjó, í því skyni að greiða fyrir umferð skipa sem sigla á skipengum vatnaleiðum á umferðarleiðum þar sem saman kemur umferð frá árósum og sjó og skipengum fljótum,
- b) skilgreiningu á lágmarkskröfum fyrir ECDIS-búnað fyrir skipengar vatnaleiðir sem og lágmarksinnihaldi rafræna sjókorta, með hliðsjón af öryggi í siglingum, einkum:
 - að áreiðanleiki og tiltækileiki ECDIS-búnaðar fyrir skipengar vatnaleiðir sé sem mestur,
 - að ECDIS-búnaður fyrir skipengar vatnaleiðir sé nógu traustur til að þola umhverfisaðstæður, sem almennt ríkja um borð í skipi, án þess að rýra gæði eða áreiðanleika,
 - að í rafrænum sjókortum sé getið um alls konar landfræðileg atriði (t.d. mörk merktra siglingaleiða, mannvirki á strandlengjunni, sjómerki) sem eru nauðsynleg til öruggar siglingar,
 - að unnt sé að vakta rafrænt sjókort og vinna við það með yfirlagðri ratsjármynd þegar það er notað við að stjórna skipinu,
- c) samþættingu upplýsinga um dýpi á merktum siglingaleiðum í rafræna sjókorta- og upplýsingakerfinu og upplýsinga um fyrirframskilgreinda eða raunverulega hæð vatnsborðsins,
- d) samþættingu viðbótarupplýsinga (t.d. frá öðrum aðilum en lögbærum yfirvöldum) í rafræna sjókorta- og upplýsingakerfinu að því er varðar ECDIS-kerfi fyrir skipengar vatnaleiðir án þess að það hafi áhrif á upplýsingar sem eru nauðsynlegar til öruggar siglingar,
- e) aðgengi notenda upplýsingaþjónustu um ár að rafrænum sjókortum,
- f) aðgengi framleiðanda kerfa að gögnum fyrir rafræn sjókort, þegar það á við, gegn sanngjörnu kostnaðartengdu gjaldi.

3. Rafrænar tilkynningar skipa

Í tækniforskriftum fyrir rafrænar tilkynningar skipa, sem sigla á skipengum vatnaleiðum í samræmi við 5. gr., skal virða eftirfarandi grundvallaratriði:

- a) að greiða fyrir rafrænum gagnaskiptum milli lögbærra yfirvalda aðildarríkjanna, milli þeirra sem stunda siglingar á skipengum vatnaleiðum og einnig á sjó svo og margþættum flutningum þar sem gert er ráð fyrir siglingum á skipengum vatnaleiðum,
- b) að nota stöðluð tilkynningaskeyti um flutninga frá skipi til yfirvalda, frá yfirvöldum til skips og yfirvöldum til yfirvalda til að ná fram samhæfi við siglingar á sjó,
- c) að nota alþjóðlega viðurkenndar kóðaskrár og flokka, þar sem hugsanlega er bætt við atriðum með hliðsjón af þörfum að því er varðar siglingar á skipengum vatnaleiðum.
- d) að nota sértækt evrópskt skipakenninúmer.

4. Tilkygningar til skipstjóra

Í tækniforskriftum fyrir tilkygningar til skipstjóra, í samræmi við 5. gr., einkum varðandi upplýsingar um merktar siglingaleiðir, upplýsingar um umferð og umferðastjórnun ásamt sjóferðaáætlunum, skal virða eftirfarandi grundvallaratriði:

- a) staðlaða gagnaskipan þar sem notast er við fyrirframskilgreindar textaeyningar og er kóðað í miklum mæli til að unnt sé að þýða mikilvægustu boðin sjálfvirkt á önnur tungumál og til að greiða fyrir samþættingu tilkygninga til skipstjóra við sjóferðaáætlanagerfi,
- b) samhæfi stöðluðu gagnaskipanarinnar við ECDIS-gagnaskipan fyrir skipgengar vatnaleiðir til að greiða fyrir samþættingu tilkygninga til skipstjóra við ECDIS-kerfi fyrir skipgengar vatnaleiðir.

5. Kerfi til að rekja feril og slóð skipa

Í tækniforskriftum fyrir kerfi til að rekja feril og slóð skipa, í samræmi við 5. gr., skal virða eftirfarandi grundvallaratriði:

- a) skilgreiningu á þeim kröfum sem varða kerfi og stöðluð boð svo og verklagsreglur svo unnt sé að miðla þeim sjálfvirkt,
- b) aðgreiningu milli kerfa sem uppfylla þarfir um upplýsingar um umferðarúrlausnir og þarfir um stefnumótandi umferðarupplýsingar, bæði að því er varðar nauðsynlega staðsetningarnákvæmni og uppfærsluhraða,
- c) lýsingu á viðkomandi tæknikerfum til að rekja feril og slóð skipa, s.s. sjálfvirkt auðkenniskerfi skipa fyrir skipgengar vatnaleiðir (AIS fyrir skipgengar vatnaleiðir).
- d) samhæfi gagnasniða fyrir sjálfvirkt auðkenniskerfi hafskipa (maritime AIS system).